

## Fundur í umhverfisnefnd 4. október 2019

Mættir: Tinna, Viktoría, Guðrún, Bjarndís, Helena, Ísabella, Rakel Sunna, Matthildur, Sigga Lára og Sigga K.

- Umhverfispema í næstu viku; loftslagsbreytingar og neysla. Mengun í andrúmsloftinu veldur því að loftið er að hlína. Neysla – rætt um hugtakið. Við erum kannski að kaupa meira en við þurfum. Umræður um meira grænmeti með matnum í Heiðarskóla t.d. þegar það er slátur í matinn þá sé líka salatbar. Kom upp hugmynd um að gróðursetja tré í þemavíkunni. Nefndin samþykkir það. Stefnt að því að allir nemendur skólans gróðursetji tré.
- Kartöflurnar voru teknar upp um daginn. Uppskeran var lítil en bragðgóð. Mikill þurrkur síðasta sumar, stefnt að því að girða í kringum kartöflugarðinn næsta sumar.
- Jól í skólakassa, umræður um hvort við eigum að taka þátt. Nefndin samþykkir að taka þátt. Fá umsjónarkennara í lið með okkur og senda póst á foreldra.
- Ýmsar umræður um tækninýjungar sem draga úr mengun og hvað hver og einn er að gera og upplifa í umhverfismennt.

Fundi slitið kl. 13:40

Sigríður Lára ritaði fundargerð